

GRÆNA TREKTIN

Akureyringar standa mjög framarlega í flokkun og endurvinnslu. Nú er tækifæri til að gera enn betur með „grænu trektinni“.

Eitt af því sem fellur til hjá heimilum og fyrirtækjum er ýmiskonar olía og fituríkur úrgangur.

Mjög algengt er að þessari olíu og fitu sé skolað út í fráveitukerfið. Þetta er mjög slæmt fyrir fráveitukerfið og búnað þess.

Nú biðlum við til Akureyringa að koma með okkur í átakið „GRÆNA TREKTIN“ sem felur í sér að safna fljótandi afgang olíu og koma henni til endurvinnslu. Í þessu felst einnig að tryggja að annar fituríkur úrgangur fari í grænu tunnuna og þá leiðina í endurvinnslu.




Áhugasamir flokkarar geta fengið grænu trektina afhenta endurgjaldslaust á Glerártorgi,

**föstudaginn 29. janúar, milli kl. 16:00 og 18:30 og
laugardaginn 30. janúar milli kl. 12:00 og 16:00**

Þá verður einnig hægt að nálgast grænu trektina í þjónustuveri Norðurorku, í þjónustuanddyri Ráðhússins á Akureyri og á gámasvæðinu Réttarhvammi, á hefðbundnum opnunartíma.

Fulltrúar Norðurorku og Vistorku eru einnig tilbúnir til þess að kynna átakið í fyrirtækjum á Akureyri. Vinsamlega hafið samband með tölvupósti á baldur@no.is eða ghs@vistorka.is

LEIÐBEININGAR FYRIR GRÆNU TREKTINA



1



2



3

Trektin er skrúfuð á tóma plastflösku. Tappinn af plastflöskunni er geymdur í lokinu á trektinni. Þegar flaskan er orðin full er græna trektin fjarlægð og tappinn settur aftur á flöskuna.



**OLÍU- OG FITURÍKUR
ÚRGANGUR Á EKKI AÐ
FARA Í FRÁVEITUKERFIÐ**

